



FRÉTTABRÉF STAPA LÍFEYRISSJÓÐS JÚNÍ 2011

Jákvæð ávöxtun á árinu 2010

Afkoma Stapa lífeyrissjóðs var jákvæð á árinu 2010 eftir tvö erfið ár, en raunávöxtun sjóðsins var jákvæð um 3,5%. „Segja má að afkoman hafi verið viðunandi miðað við aðstæður og áhrif bankakreppunnar gætir nú minna en áður“ segir Kári Arnór Kárasón framkvæmdastjóri sjóðsins. Fram kom í máli hans að því miður sé þetta ekki nóg til að bæta upp það tjón sem hrundið olli en gefur vonir um að tímarnir séu að færast nær eðlilegu horfi á nýjan leik. „Líklegt er þó að nokkur tími sé enn í að heilbrigður fjármálamarkaður verði aftur til staðar á Íslandi“ segir Kári Arnór.

Höfum lært af þessari kreppu

„Það er alltaf lærdómsríkt að fara í gegnum erfið tímabil. Það voru erfiðir tímar á fjármálamörkuðum upp úr 2000. Í kjölfar þess tókum við alla áhættustýringu hjá okkur í gegn og ég er sannfærður um að það hjálpaði okkur mikið til að komast í gegnum bankahrundið með minni skaða en margir aðrir urðu fyrir“ segir Kári Arnór. Hann segir að á sama hátt hafi bankahrundið kennt okkur margt og orðið til þess að mun meiri áhersla sé nú lögð á áhættustýringu og eftirfylgni með

fjárfestingum. „Við höfum í raun byggt upp nýtt og mun öflugra áhættustýringarkerfi. Það ber þó að halda því til haga að ekkert áhættustýringarkerfi getur veitt fullkomnar varnir fyrir tjóni og algjöru kerfishruni er aldrei hægt að verjast að fullu. Sem betur fer eru stórfelld kerfishrun fátíð og vonandi eitthvað í að við Íslendingar lendum aftur í svipuðum hremmingum“ segir Kári Arnór. Í máli hans kom fram að sjálfsagt hefði verið hægt að komast hjá tjóni vegna bankahrunsins ef menn hefðu séð það fyrir. Hins vegar hafi eina leiðin til þess verið sú að fara með sem mest af fjármunum sjóðsins úr landi. Sjóðunum sé jafnframt skylt, skv. lögum, að ávaxta a.m.k. 80% af fjármunum sínum í markaðsverðbréfum. Hrun á fjármálamörkuðum mun því alltaf hafa mikil áhrif á afkomu þeirra. „Í raun má segja að íslensku lífeyrissjóðirnir hafi komist ótrúlega vel frá hruninu þegar þetta er haft í huga og það má fyrst og fremst þakka því að þeir höfðu talsverðan hluta eigna sinna erlendis. Sú áhættudreifing skipti sköpum“ segir Kári Arnór.

Hann telur að til lengri tíma muni

gjalddeyrishöft hafa slæm áhrif. Þau auki áhættu lífeyrissjóða og dragi úr ávöxtun og lækki þar með lífeyri þegar fram í sækir. Því sé afar mikilvægt að aflétta höftunum eins fjótt og kostur er.

Purfum að varast skyndiákvæðanir

Kári Arnór telur mikilvægt að varast skyndiákvæðanir þegar talið berst að ávöxtunarkröfu lífeyrissjóða. Til að standa undir aukningu lífeyrisréttinda þurfi sjóðirnir að ná 3,5% raunávöxtun, þ.e. ávöxtun umfram verðbólgu og margir hafa sett fram efasemdir um að sjóðirnir geti náð svo hárrí ávöxtun til lengri tíma lítið. Hann bendir hins vegar á að ef lítið er til síðustu 40 ára þá eru þeir nálægt því að hafa náð þessu. Hins vegar sé ekki þar með sagt að það muni takast á næstu 40 árum. „Við erum nú í umhverfi frekar lágra vaxta og við þær aðstæður er þetta krefjandi markmið. Það er sjálfsagt að ræða hvort það er óraunhæft, en að mínu viti ber að varast skyndiákvæðanir sem byggja á aðstæðum sem núverandi fjármálakreppa hefur skapað“ segir Kári Arnór.

sjá framhald á bls. 2

Séreign í sérflokki

Allt frá stofnun séreignardeildar Stapa hefur ávöxtun verið í fremstu röð og árið 2010 var engin undantekning. Ávöxtun þeirra þriggja safna sem sjóðurinn rekur var góð, þannig var Safn I með 16,9% nafnávöxtun, Safn II með 12,8% og Safn III með 8,9%. Samsetning safnanna og þar með áhætta er nokkuð misjöfn en þess hefur alltaf verið gætt að

fjárfesta einungis í traustum verðbréfum og sérstök áhersla lögð á að fjárfesta í vel seljanlegum eignum m.a. til að koma í veg fyrir að söfnin lendi í erfiðleikum ef innlausnir reynast miklar.

Sérstök útborgun vinsæl

Í lok mars rann út frestur sá sem eigendur séreignasparnaðar höfðu til að nýta sér tímabundna heimild til úttektar á séreign. Að sögn Maríu Bjarkar Guðmundsdóttur þjónustufulltrúa þá var

mikill áhugi fólks á að nýta sér þetta úrræði og alls sóttu 837 einstaklingar um útborgun. Fram kom í máli Maríu að svo virtist sem margir væru að nýta sér þessa heimild til að greiða niður skuldir á meðan aðrir hefðu nýtt sér þetta til að létta róðurinn tímabundið í ótryggu atvinnuástandi. María sagði að þrátt fyrir að virkir sjóðfélagar hefðu nýtt sér þessa útborgunarmeild þá væru langflestir enn að greiða í séreignasparnað sem sýndi vel ánægju sjóðfélaga með þetta sparnaðarform.

Framhald: Jákvæð ávöxtun

Ósanngjörn umræða

Kári Arnór segir umræðuna um lífeyrissjóðina oft afar ósanngjarna og stundum mætti halda að íslenska lífeyrissjóðakerfið sé handónýtt. Hann segir umræðuna litast mjög af allri umræðu sem tengist fjármálum á Íslandi sem hefur verið afar neikvæð. Þá eru lífeyrissjóðirnir skyldukerfi og það er alltaf vinsælt að gagnrýna allt sem við erum skylduð til að gera. „Við viljum hafa sem best réttindi en sem allra minnstar skyldur! Það er stemmingin í dag“ segir Kári Arnór. „Mér finnst oft skorta bæði þekkingu og stillingu í umræðuna til þess að hún sé líkleg til að skila einhverjum uppbyggilegum árangri. Segja má að Íslendingar hafi farið frá því að halda að þeir hefðu besta lífeyriskerfi í heimi yfir í að það sé algerlega ónýtt. Hvoru tveggja er líklega nokkuð frá sannleikanum. Íslenska lífeyrissjóðakerfið er enn sterkt og fáar þjóðir eiga meiri eftirlaunasparnað en Íslendingar. Það mun koma okkur til góða í framtíðinni. Það er margt hægt að bæta og það eru margir valkostir í því hvernig má þróa þetta kerfi“ segir Kári Arnór.


Tekjutengingar vandamál

Það eru ýmsir gallar á kerfinu að sögn Kára Arnórs og þá ekki síst samspil lífeyrissjóðanna og Tryggingastofnunar. Ríkið tekur æ meira til sín af þessum sparnaði með auknum tekjutengingum. Það er mesta ógnunin við kerfið og mun líklegra til að verða því að aldurtila, en sveiflur á fjármálamörkuðum. Íslensku lífeyrissjóðirnir hafa nú flestir starfað í ríflega 40 ár og eru að greiða milljarða í lífeyri á ári hverju. Stapi er t.d. að greiða meira en þrjúþúsund milljónir í lífeyri á ári og það fer hratt vaxandi. „Mér finnst líklegt að lífeyrissjóðirnir verði hér enn eftir 40 ár og leiki þá enn stærra hlutverk en nú í að sjá Íslendingum fyrir bærilegum eftirlaunum“ segir Kári Arnór Kárason að lokum.

Gjörbreytt umhverfi

Að sögn Jónu Finndísar Jónsdóttur sjóðstjóra Stapa hafa orðið miklar breytingar á fjármálamarkaði í kjölfar hruns á fjármálamarkaði árið 2008. Innlendir hlutabréfamarkaður þurrkaðist nánast út enda samanstóð markaðurinn að stærstum hluta af fjármálafyrirtækjum fyrir hrun. Núna eru markaðsvirði þeirra hlutabréfa sem skráð eru á markaði um 250 milljarðar króna, samanborið við rúma 2.500 milljarða í lok árs 2007. Markaður með skuldabréf fyrirtækja er nánast enginn eins og er. Fjárfestar hafa haldið að sér höndum í þeim eignaflokki ekki síst vegna þess hve mikil töp hafa orðið vegna gjaldþrota og fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja ásamt óljósrar stöðu þeirra fyrirtækja sem enn eru eftir. Þegar stórir eignaflokkar eins og innlend hlutabréf og skuldabréf fyrirtækja

þurrkast nánast út, leitar fjármagn fjárfesta annað. Gjaldeyrishöft voru sett á eftir hrun til að verja krónuna enn frekari veikingu vegna yfirvofandi flóttu fjárfesta yfir í stöðugari myntir. Höftin hindra fjárfesta í að flytja fjármagn til útlanda svo ekki er hægt að auka fjárfestingar erlendis. Ríkið hefur hins vegar stóraukið útgáfu ríkisskuldabréfa frá hruni auk þess sem innlán í bönkum voru ríkistryggð við hrun. Fjárfestingamöguleikar innanlands hafa því verið einhæfir og svo að segja allir ríkistryggðir, ef frá er talin útgáfa skuldabréfa sveitarfélaga sem hefur verið nokkur. Hlutfall ríkistryggðra bréfa í eignasöfnum lífeyrissjóða hefur því aukist mikið, hjá Stapa var hlutfall þeirra 22% í lok árs 2007 en er nú 54%. Breytingu á öðrum hlutföllum í öðrum eignaflokkum Stapa má sjá á myndinni hér fyrir neðan.



Jóna Finndís segir nokkur teikn á lofti um að fjárfestingarkostum eigi eftir að fjölga á næstu árum, nokkuð er orðið um að hlutabréf óskráðra fyrirtækja séu boðin til kaups og víða er stefnt að skráningu þeirra á markað innan tíðar. Eins verða gjaldeyrishöftin afnumin með tíð og tíma og verður þá hægt að auka fjölbreytni í eignasamsetningu og þar með áhættudreifingu lífeyrissjóða á ný.



Sigurður Jóhannesson og Kári Arnór Kárason á ársfundi sjóðsins



Ársfundur samþykkti að lækka réttindi

Á ársfundi sjóðsins sem haldinn var 12. maí s.l. var samþykkt að lækka réttindi sjóðfélaga um 6%. Af þessu tilefni þótti rétt að leggja nokkrar spurningar fyrir Kára Arnór Kárason framkvæmdastjóra sjóðsins.

Nú hefur Stapi komið betur út úr hremmingum bankahrunsins en margir aðrir. Var það ekki nóg til að vernda full réttindi?

Í samanburði við marga aðra sjóði kom Stapi ágætlega út. Okkur tókst að verja höfuðstól sjóðsins, en það er ekki nóg til að standa undir hækkunum á lífeyrisréttindum. Öll lífeyrisréttindi eru verðtryggð og hafa því hækkað mikið vegna þess verðbólguþess sem kom í kjölfar hrunsins. Til þess að standa undir hækkunum þurfum við að ná 3,5% ávöxtun umfram verðbólgu. Frá 2008 hafa lífeyrisréttindi hækkað um 30% sem er talsvert umfram launahækkanir, sem hækkuðu á sama tíma um ríflega 16%. Ávöxtun sjóðsins hefur ekki verið nægjanleg til að halda í við þessar hækkanir. Það þýðir að eignir sjóðsins standa ekki undir lífeyrisréttindum og við verðum því að lækka réttindi lítilla til að bæta jafnvægi milli eigna og lífeyriskuldbindinga. Núna vantar okkur ríflega 11% upp á að eiga fyrir skuldbindingum.

Hefur Stapi ekki lækkað réttindi áður eða er þetta í fyrsta skipti eftir hrunið?

Við ætluðum okkur að fara aðra leið, sem samþykkt var á ársfundinum í fyrra. Hún

gekk út á að halda lífeyri óbreyttum, þangað til verðlag hefði hækkað um 5%. Það hefði þýtt 5% raunlækkun. Markmiðið með þessari leið var að breytingin hefði sem allra minnst áhrif á þá sem þurfa að lifa af þessum greiðslum og þessi aðferð mæltist vel fyrir hjá okkar sjóðfélögum. Fjármálaráðuneytið komst hins vegar að því að þessi aðferð væri ekki heimil. Við teljum að lagaleg rök ráðuneytisins fyrir þessari ákvörðun séu afar veik. Hvað um það – við urðum að hætta við þetta og höfum því ekki hreyft við lífeyrisréttindum enn sem komið er.

Hvenær kemur þessi lækkun til framkvæmda?

Það vitum við ekki enn. Við höfum sent þessar tillögur til ráðuneytisins, en við verðum að bíða eftir staðfestingu þess áður en við megum aðhafast eitthvað. Við eigum ekki von á öðru en að ráðuneytið samþykki þessa aðferð, enda mörg fordæmi fyrir henni. Með þessari lækkun er þó ekki verið að loka neikvæðri stöðu að fullu en vonast er til að bætt ávöxtun muni laga það sem upp á vantar á næstu árum. Sú skoðun hefur þó verið sett fram að réttast væri að núllstilla sjóðinn á hverju ári, bæði vegna lækkana og hækkana. Með því móti væri ekki verið að færa vandann milli kynslóða og fólk myndi venjast því að markaðssveiflur kæmu fram í afkomu. Engar slíkar ákvarðanir hafa þó verið teknar en þetta

verður sjálfsagt rætt frekar á næstunni.

Hvernig er þetta samanborið við aðra?

Flestir sjóðir hafa þurft að lækka réttindi eftir hrunið, mismikið þó. Algengar lækkanir hafa verið á bilinu 10 til 25%. Sumir sjóðir eru að lækka þriðja árið í röð. Það ber þó að halda því til haga að til eru sjóðir sem hafa ekki þurft að lækka, en heilt yfir hefur bankakreppan tekið sinn toll hjá lífeyrissjóðunum sem annars staðar.

Höfðu aðgerðir stjórnvalda í tengslum við kreppuna áhrif á lífeyrissjóðina?

Já – neyðarlögin svokölluðu höfðu mikil áhrif. Þar var ákveðið að vernda frjálstan sparnað í bönkunum, þ.e. innlánin, og ekki bara innlán „litla mannsins“ heldur allra sem áttu innlán. Þetta var ekki gert á kostnað ríkisins heldur á kostnað annarra kröfuhafa, sem með þessari aðgerð urðu fyrir umtalsverðu tjóni. Þetta á m.a. við um skyldusparnað eins og lífeyrissjóðirnir eru. Þetta hafði mikil áhrif á Stapa og var stærsta einstaka tjónið sem við urðum fyrir, en við áttum mikið af skuldabréfum á bankana, sem rýrnuðu mikið í verði við þessar aðgerðir.





Ný stjórn

Í kjölfar ársfundar sjóðsins sem haldinn var 12. maí s.l. kom stjórn saman og skipti með sér verkum. Var Þórarinn Sverrisson formaður Öldunnar stéttarfélags kjörinn formaður stjórnar sjóðsins til eins árs og Sigurður Jóhannesson varaformaður. Aðrir í stjórn sjóðsins eru: Ágúst Torfi Hauksson, Björn Snæbjörnsson, Guðrún Ingólfssdóttir og Sigurður Hólm Freysson.

Innheimta gengur vel

„Þrátt fyrir efnahagshrun hefur ekki orðið teljandi aukning á vanskilum hjá sjóðnum“ segir Erna Mary Þorsteinsdóttir deildarstjóri innheimtu hjá Stapa. „Vissulega fóru þau vaxandi frá árinu 2008 og hélt sú þróun áfram á árinu 2009. Hins vegar hefur þessi þróun snúist við og eru vanskil nú í svipuðu hlutfalli og þau voru fyrir hrún“. Að sögn Ernu Mary þá hefur sjóðurinn leitast við að koma til móts við launagreiðendur í erfiðleikum og býður m.a. upp á greiðslusamninga. „Margir launagreiðendur hafa nýtt sér þetta úrræði og ég held mér sé óhætt að segja að almenn ánægja sé með þetta framtak sjóðsins“ segir Erna Mary. Alls greiddu 2.488 launagreiðendur vegna um 18.500 sjóðfélaga iðgjöld til sjóðsins á árinu 2010. Miklar breytingar hafa orðið á síðustu árum á starfsemi innheimtudeildar að sögn Ernu Mary. Fyrirtæki skila nú í æ ríkari mæli skilgreinum með rafrænum hætti og hefur það létt verulega á skráningavinnu hjá sjóðnum auk þess sem rafræn skráning auðveldar alla vinnu og dregur úr hættu á mistökum.

Rólegt í sjóðfélagalánum

Stapi lífeyrissjóður hefur um árabíl haft samstarf við lánastofnanir um sjóðfélagalán. Þannig eru lánin veitt í samstarfi við bankastofnanir sem sjá um mat á veðhæfni og greiðslugetu. Lánastofnanirnar eru að fullu ábyrgar fyrir innheimtu lánanna. Að sögn Jóhönnu Ásmundsdóttur þjónustustjóra þá hefur verulega dregið úr umsóknum um lán í kjölfar efnahagshrunsins sem varð í lok árs 2008. „Fólk heldur að sér höndum en þó er alltaf ein og ein umsókn sem slæðist inn“ segir Jóhanna. Í kjölfar hrunsins lækkaði sjóðurinn vexti til að koma til móts við sjóðfélaga á erfiðum tímum og eru vextir sjóðfélagalána nú 4,2%. Á sama tíma var hámarksfjárhæð lánanna miðuð við 10 milljónir króna. „Lækkun vaxta og þar með lækkun á greiðslubyrði var að okkar mati skynsamleg leið og virðist hafa skilað árangri því vanskil lánanna eru óveruleg“ segir Jóhanna.

Samstarf við VIRK

Virki starfsendurhæfingarsjóður mun nú á haustdögum bjóða upp á námskeiðahaldi í samstarfi við Stapa og fleiri lífeyrissjóði þar sem örorkulífeyrisþegum verður boðið upp á heilsu- og sjálfstyrkingarnámskeið auk þess sem starfsemi Virki verður kynnt. Sambærileg námskeið hafa verið haldin á höfuðborgarsvæðinu og hlotið góðar viðtökur. Námskeiðin munu auglýst þegar nær dregur.

Fréttabréf Stapa lífeyrissjóðs

Umsjón: Guðmundur B. Guðmundsson

Ábyrgðarmaður: Kári Arnór Kárason

Hönnun og Umbrot : GEIMSTOFAN

Strandgötu 3 - 600 Akureyri

Egilsbraut 25 - 740 Neskaupstað

Sími: 460 4500 - www.stapi.is
